

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 53/2009**

**frá 24. apríl 2009**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2009 frá 17. mars 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2008 frá 28. nóvember 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006 og (EB) nr. 657/2007 að því er varðar aðlögun í kjölfar endurskoðunar á atvinnugreinaflokkun Bandalaganna og vöruflokkun Bandalagsins <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98):  
„– **32008 R 1178**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2008 frá 28. nóvember 2008 (Stjtíð. ESB L 319, 29.11.2008, bls. 16).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32008 R 1178**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1178/2008 frá 28. nóvember 2008 (Stjtíð. ESB L 319, 29.11.2008, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1178/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 319, 29.11.2008, bls. 16.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.